

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 7505/2013

Reykjavík, 6. mars 2019

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

I

Ég vísa til fyrri samskipta í tengslum við athugun mína er lýtur m.a. að þeirri geðheilbrigðis- og sálfræðibjónustu sem föngum stendur til boða og aðbúnaði geðsjúkra fanga í afplánunarfangelsum.

Mér barst meðfylgjandi svar dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. janúar sl., við fyrirspurnarbréfi mínu, dags. 21. nóvember sl., sem yður var sent afrit af til upplýsingar. Þar óskaði ég eftir því að dómsmálaráðuneytið upplýsti mig um um hvort það teldi að þær aðgerðir sem lýst var í bréfi velferðarráðuneytisins, nú heilbrigðisráðuneytisins, til mín, dags. 8. nóvember sl., væru fullnægjandi til að bæta úr þeim annmörkum, sem dómsmálaráðuneytið hefur lýst í svörum sínum til mín, að framkvæmd laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, tryggi ekki með fullnægjandi hætti réttindi fanga samkvæmt 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskráinnar og 3. gr. MSE. Einnig óskaði ég eftir því að ráðuneytið upplýsti mig um hvort svör velferðarráðuneytisins hefðu þegar leitt til einhverra viðbragða af hálfu dómsmálaráðuneytisins og/eða hvort fyrir lægi hver næstu skref yrðu í málinu af þess hálfu.

Ég sendi Fangelsismálastofnun jafnframt til upplýsingar afrit af tilvitnuðu svarbréfi velferðarráðuneytisins og taldi rétt að stofnunin fengi tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum eða upplýsingum sem hún teldi að kynnu að hafa þýðingu við mat á því hvort og þá að hvaða marki þær aðgerðir sem velferðarráðuneytið lýsti í svari sínu væru líklegar til að bæta úr þeim annmörkum sem Fangelsismálastofnun hefur talið vera á framkvæmd þessara mála. Mér barst meðfylgjandi svar Fangelsismálastofnunar með bréfi, dags. 20. desember sl.

II

Í svari Fangelsismálastofnunar kemur m.a. fram að stofnunin fagni

því að velferðarráðuneytið leggi áherslu á að efla geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Það sé hlutverk ráðuneytisins að meta hvað teljist fullnægjandi þjónusta en stofnunin telji mikilvægt að hún sé skilgreind nákvæmlega, kostnaðargreind og veitt í samræmi við þarfir. Bréf velferðarráðuneytisins sé hins vegar ekki nægjanlega ítarlegt til þess að unnt sé að meta hvort áætlaðar aðgerðir þess dugi til að leysa skort á heilbrigðisþjónustu fyrir fanga. Þá leggur stofnunin áherslu á að að fangar skuli njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir. Loks er tekið fram að vandamál tengd skorti á heilbrigðisþjónustu fyrir fanga séu alvarleg og tekin dæmi um stöðu nokkurra fanga sem sýni misbresti á slíkri þjónustu við þá.

Að lokum er í svari Fangelsismálastofnunar bent á að enginn geðlæknir sé starfandi í fangelsum landsins en nokkrir fangar séu með slíkan geðrænan vanda að á tímum þurfi þeir á sólahrings heilbrigðisþjónustu að halda. Þar sem fangelsi séu ekki heilbrigðisstofnanir sé alls óviðunandi að þeir séu vistaðir þar á meðan slíkt ástand varir. Upp hafi komið tilvik þar sem þurft hafi að lyfjastilla fanga og hafi fangaverðir verið beðnir um að fylgjast með líðan þeirra og breytingu á hegðun meðan á því stendur. Það sé mat stofnunarinnar að slíkt eigi að vera í höndum faglærðra heilbrigðisstarfsmanna. Ekki verði séð hvernig réttur fanga til heilbrigðisþjónustu samkvæmt 29. gr. laga um fullnustu refsinga sé tryggður með þessum hætti.

Í svari dómsmálaráðuneytisins er því sömuleiðis fagnað að velferðarráðuneytið leggi áherslu á að efla geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Það sé hlutverk þess ráðuneytis að leggja mat á hvað teljist fullnægjandi heilbrigðisþjónusta við fanga en þó sé mikilægt að dómsmálaráðuneytið, sem fer með yfirstjórn fangelsismála, hafi aðkomu að því mati. Af hálfu velferðarráðuneytisins hafi komið fram að samningsforsendur vegna samnings milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um almenna heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelinu á Hólmsheiði hafi verið lagðar fyrir SÍ. Þegar samningur liggi fyrir muni verða settur á laggirnar starfshópur til að fara yfir hann og endurskoða nágildandi samkomulag milli fyrrum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Fangelsismálastofnunar. Samningurinn liggi hins vegar ekki fyrir og ráðuneytið hafi fengið þær upplýsingar frá Fangelsismálastofnun að óljóst sé með öllu hvort boðið verði upp á heilbrigðisþjónustu í fangelinu á Hólmsheiði á þessu ári.

Að öðru leyti tekur dómsmálaráðuneytið undir þau sjónarmið sem koma fram í bréfi Fangelsismálastofnunar til míns, dags. 20. desember sl. Það sé mat ráðuneytisins að afar brýnt sé að ráðuneytin tvö leiti sameiginlega leiða til að leysa úr þeim vanda sem nú sé uppi og væri því æskilegt að setja án tafar á laggirnar umræddan starfshóp en bíða ekki eftir því að áðurnefndur samningur liggi fyrir þótt jafnframt sé rétt að leggja áherslu á að vinna við hann verði hraðað eins og kostur er.

UMBODSMADUR ALPINGIS

III


Í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi á 74. fundi 149. löggjafarbings 4. mars sl. beindi Helga Vala Helgadóttir þingmaður fyrirspurnum til yðar varðandi geðheilbrigðismál fanga. Í svörum yðar kom m.a. fram að markmiðið með þeim samningum sem væru nú á borði Sjúkratrygginga Íslands og utanumhaldi um það fyrirkomulag væri að framkvæmd, bæði almennrar heilbrigðispjónustu og geðheilbrigðispjónustu, verði á hendi sérhæfðu sjúkrahúsanna í samráði við heilsugæsluna. Það sé allt í framkvæmd og verið sé að ljúka samningunum. Ráðherra vonist til þess að geta greint þinginu frá niðurstöðu málsins á allra næstu dögum. Hvorki standi til að setja málið í starfshópa eða bíða misserum saman, né heldur að láta fangaverði sitja uppi með verkefni sem heilbrigðisstarfsfólk þyrfti að sinna.

Í ljósi þessara nýframkomnu upplýsinga óska ég eftir því að heilbrigðisráðherra geri mér sem allra fyrst nánari grein fyrir þeim aðgerðum varðandi heilbrigðismál fanga sem hann vísar til í framangreindum svörum sínum í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi og afhendi mér jafnframt afrit af þeim samningum/samningsdrögum sem vísað er til og eftir atvikum öðrum gögnum sem varpa ljósi á stöðu mála. Einnig að fram komi afstaða heilbrigðisráðherra til þess hvort þær aðgerðir sem vísað er til séu til þess fallnar að leysa úr þeim vanda sem verið hefur á veitingu heilbrigðispjónustu við fanga svo að fullnægjandi sé og þá í ljósi þeirra alvarlegu annmarka sem ráðuneyti dómsmála hefur lýst að séu á framkvæmd þessara mála að því er varðar vistun geðsjúkra fanga.

Það hefur áður komið fram af minni hálfu að fyrirspurnir mínar til ráðherra heilbrigðismála og dómsmála hafa verið liður í því að fá fram fullnægjandi svör til þess að ég geti sem allra fyrst tekið afstöðu til þess með hvaða hætti ég lýk þeim þætti frumkvæðisathugunar á aðbúnaði og aðstæðum fanga sem varðar heilbrigðismál. Þá hefur einnig komið fram af minni hálfu að ég telji brýnt að fá skýr svör um hvað hlutaðeigandi stjórnvöld ætla að gera til að bæta úr þeim alvarlegu annmörkum sem ráðuneyti dómsmála hefur lýst að séu á framkvæmd þessara mála að því er varðar vistun alvarlega geðsjúkra fanga áður en ég tek ákvarðanir um næstu athuganir mínar á grundvelli svonefnnds OPCAT-eftirlits.

Í samræmi við þetta er það eindregin ósk míni að svar við bréfi þessu hafi borist mér eigi síðar en 27. mars nk.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Gunnarsson